

Alþingi

Erindi nr. Þ 118 /441

komudagur 9/12 1994

Reykjavík, 9. desember 1994.

Menntamálanefnd Alþingis,
b/t Ágústu H. Lárusdóttur,
deildarfulltrúa,
Þórshamri v/Templarasund.

Meðfylgjandi er umsögn samtaka kennara í viðskipta- og
hagfræðigreinum um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

F.h. Samtaka kennara í
viðskipta- og hagfræðigreinum,

Birna Stefnisdóttir

Birna Stefnisdóttir, ritari stjórnar.

SAMTÖK KENNARA Í VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIGREINUM (SKVOH)
UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM FRAMHALDSSKÓLA

Almennt um frumvarpið:

Frumvarp til laga um framhaldsskóla er að mörgu leyti framfaraspor. Sérstaklega ber að fagna þeirri áherslu sem lögð er á starfsnám. Þá er viss samræming á námsefni og kröfum til bóta. Stjórn SKVOH er hlynnt því að aðferðum gæðastjórnunar verði beitt í skólastarfi eins og ráða má af 23. gr. frumvarpsins.

Almennt nám á brautarkjörnum:

Stjórn SKVOH fagnar sérstaklega þeirri áherslu sem lögð er á að skólinn skuli undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélaginu (sbr 17. gr.). Til að nemandi teljist hafa öðlast slíkan undirbúning telur stjórn SKVOH nauðsynlegt að í brautarkjarna allra bóknámsbrauta verði eftirfarandi áfangar:

- 1) Þjóðhagfræði þ.e. grunnatriði um íslenskt hagkerfi
- 2) Lögfræði þ.e. grunnatriði um réttindi og skyldur einstaklinga
- 3) fjármál þ.e. grunnatriði varðandi fjármál einstaklinga

Rökstuðningur, markmið með kennslu og hugmyndir um helstu námsþætti er meðfylgjandi. Stjórnin vill benda á að hún telur það hafa verið bagalegt fyrir núverandi kerfi að slíkir áfangar séu ekki skyldufag.

Þá teljum við nauðsynlegt að vissar viðskiptagreinar verði kenndar í starfsgreinánámi þannig að nemandur verði hæfari til að starfa sjálfstætt í sinni starfsgrein.

Sérhæfing í viðskipta- og hagfræðigreinum:

Frumvarpið opnar nýja möguleika til eflingar á kennslu í verzlunar- og viðskiptagreinum. Nám í verzlunar- og viðskiptagreinum á starfsgreinabraut er að mörgu leyti mjög heppilegur kostur fyrir marga nemendur enda mikill fjöldi sem starfar við skrifstofustörf. Stjórn SKVOH vill þó benda á að sífellt er erfiðara að koma nemendum í verklega þjálfun og nauðsyn er á mikilli skipulagningu og stuðningi við fyrirtæki sem munu taka að sér þjálfun nema.

Að ýmsu leyti er óæskilegt að kennsla í hagfræðigreinum sé felld undir félagsfræðibraut.

M.a. er hætta á að þessi skipting geti haft óheppileg áhrif á þau tengsl sem æskileg eru milli hagfræðináms og viðskiptabrautar (sbr. núgildandi námsskrá). Þá þurfa nemendur sem fyrirhuga framhaldsnám í hagfræði, héraendis eða erlendis, að búa yfir verulegri stærðfræðikunnáttu.

Í flestum nágrannaríkjum okkar er kennsla í alþjóðaviðskiptum og sérhæfing á sviði utanríkisviðskipta námsgrein sem nýtur aukinna vinsælda. Nauðsynlegt er fyrir íslenskt atvinnulíf að boðið verði upp á slíkt nám í íslensku skólakerfi. Slíkt nám er umfangsmeira en svo að það geti fallið undir starfsnám. Námið fjallar að miklu leyti um viðskipti og telur stjórn SKVOH óæskilegt að slíkt nám sé fellt undir félagsfræðibraut.

Stjórn SKVOH telur að huga þurfi betur að staðsetningu viðskipta- og hagfræðigreina í frumvarpinu.

Aðild kennara að stjórnnum og ráðum:

Stjórn SKVOH telur alvarlegan galla á frumvarpinu að ekki er tryggð virk þátttaka skólanna í starfsgreinaráðum og telur eðlilegra að þeir aðilar sem þurfa að vinna saman við þróun starfsnámsins fengju svipað vægi í starfsgreinaráðum.

Vinnutími - Kjaramál:

Allar breytingar á vinnutíma og öðru sem lúta að kjörum kennara og stjórnenda hljóta að kalla á endurskoðun kjarasamninga. Þá teljum við ákvæði 3. gr. um kennsludaga ekki raunhæft miðað við 9 mánaða starfstíma. Það myndi minnka vægi prófa, sem við teljum ekki æskilegt. Próf í lok annar eru nemendum mikil hvatning til upprifjunar og nauðsynlegur mælikvarði á námsárangur þeirra. "Símat" sem liður í kennslu er vel þekkt í viðskipta- og hagfræðigreinum en getur ekki, að okkar mati, komið í stað venjubundinna lokaprófa.

HUGMYNDIR (DRÖG) SKVOH AÐ NÁMSÁFÖNGUM Á ALMENNUM BRAUTARKJARNA
BÓKNÁMSBRAUTA

ÞJÓÐHAGFRÆÐI:

Markmið:

Að nemendur öðlist skilning á íslensku hagkerfi og orsakatengslum milli hinna ýmsu þátta efnahagslífsins og séu meðvitaðir um möguleg áhrif efnahagsaðgerða.

Að nemendur geti tekið þátt í efnahagsumræðum og túlkað fréttir af efnahagsmálum.

Helstu námsþættir:

Landsframleiðsla, þjóðarframleiðsla, þjóðartekjur og hagvöxtur. Atvinnumarkaður. Verðbólga og vísitölur. Fjármál hins opinbera. Peningamál og hlutverk Seðlabanka, gengisbreytingar. Utanríkisviðskipti og alþjóðastofnanir (efnahagsbandalög) sem Ísland tengist.

Ástæður:

Nemandi með stúdentspróf verður að geta skilið hugtök sem notuð eru nánast daglega í fréttum og verður að búa yfir þekkingu sem snertir nútímann engu síður en sögulegri þekkingu eða félagsfræðilegri þekkingu.

LÖGFRÆÐI

Markmið:

Að nemendur kynnist íslensku réttarkerfi þannig að þeir verði hæfari til að leita réttar síns og taka virkan og ábyrgan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Helstu námsþættir:

Íslensk stjórnarskrá, dómskerfið og meðferð einkamála. Samningagerð (fasteignakaup, lausafjárkaup o.fl). Viðskiptabréf (skuldabréf, víxlar o.fl) og ábyrgð einstaklinga og meðferð gjaldprotamála. Hjúskaparlög, fjármál hjóna og erfðalög. Réttindi launþega á vinnumarkaði svo og verktaka.

Ástæður:

Flestir nemendur ganga í gegnum einhverja af ofangreindum þáttum á lífsleiðinni og til að undirbúa þá undir þátttöku í samfélaginu er rétt að skólakerfið veiti þeim grundavallarþekkingu varðandi ofangreind mál þannig að þeir verði hæfari til að takast á við þau.

FJÁRMÁL

Markmið:

Að nemendur verði hæfari til að stjórna eigin fjármálum.

Helstu námsþættir:

Greiðsluáætlanir, laun, launatengd gjöld og réttindi launþega, bætur almannatrygginga. Sparnaðarleiðir. Lántökur og verðtrygging. Grunnatriði bókhalds svo sem meðferð fylgiskjala og uppbygging tvíhliða bókhalds. Skattframtöl einstaklinga.

Ástæður:

Námsefnið snertir alla nemendur persónulega. Mikill fjöldi gjaldþrota sýnir að nauðsynlegt er að upplýsa nemendur. Fjöldi Íslendinga sem á einstaklingsfyrirtæki eða starfa sem verktakar er mikill og er nauðsynlegt fyrir þá að hafa skilning á fjármálum og bóhaldi. Þá er mikill fjöldi sem lendir í trúnaðarstörfum fyrir ýmis félagasamtök (t.d. íþróttafélög/húsfélög o.s.frv.) og er nauðsynlegt fyrir viðkomandi að geta skilið bókhald og tekið ábyrga afstöðu til fjármála.